FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Lýðheilsa með áherslu á sjálfsmynd og samskipti
Námsgrein:	lýðheilsa
Viðfangsefni:	sjálfsmynd og samskipti
Skammstöfun:	LÝÐH1SS02
Þrep:	1
Einingafjöldi:	2
Lýsing:	Markmið áfangans er að efla sjálfsmynd og sjálfsvitund nemanda. Unnið verður með samskipti, eigin hegðun og framkomu og hversu mikilvægt það er að geta átt ábyrg og farsæl samskipti við aðra. Nemendur rýna í áhugamál og styrkleika hvors annars með það markmiði að auka sjálfsvitund og styrkja samskiptafærni nemanda.
Forkröfur:	engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mikilvægi þess að eiga jákvæð samskipti við aðra. • mikilvægi þess að vera sáttur við sjálfan sig • mismunandi leiðum í samskiptum og samstarfi • eigin styrkleikum og hvernig þeir geta nýst
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • þekkja sjálfan sig • styrkja sjálfsmynd sína • eiga góð samskipti við mismunandi einstaklinga í mismunandi aðstæðum
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • þekkja eigin sjálfsmynd og styrkleika • vera umburðarlyndur gagnvart mismunandi einstaklingum
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.